

Í Gnúpverjahreppi þann 6. júlí 2017

Athugasemdir vegna endurskoðað mats á áhrifum á landslag og ásýnd lands og á ferðapjónustu og útivist vegna Hvammsvirkjunar og Hagalóns

Sigurður Kristmundsson og Kristín Eva Einarsdóttir setja hér fram athugasemdir og mótmæli við frummatsskýrslu Landsvirkjunar um fyrirhugaða Hvammsvirkjun og Hagalón. Sigurður er með búfræðimenntun frá Hvanneyri og er fæddur og uppalin í Haga. Kristín Eva er á þriðja ári í Náttúru- og umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskólanum og fædd og uppalin í Hrunamannahreppi. Við munum taka við flytja að Haga og taka við rekstri búsins sumarið 2020. Hér að neðan koma nokkrar athugasemdir frá okkur.

Margt er hægt að skrifa um framkvæmdir Landsvirkjunar í Þjórsá með Hvammsvirkjun og Hagalóni. Það er óneitanlega hægt að segja að röskun á umhverfi og svona stór framkvæmd mun alltaf skerða upplifun og hafa neikvæð áhrif á útivist, sjón og notkun á landinu.

1. Í Haga hefur tíðkast að sigla á eyjurnar (þá sérstaklega Hagaey) á vorin og týna gæsaregg, þetta er ákveðin fjölskyldustemning sem verður ekki lengur í boði eftir að framkvæmdum verður lokið. Það kom fram í skýrslunni að nú séu um 200 gæsarpör sem verpi á eyjum og skerum á þessu svæði og að þær eigi eftir að færa varpið sitt yfir á lónsbakkana eftir breytingar. Nokkuð augljóst er að það sé ekki að fara að gerast þar sem gæsirnar verpa ekki að ástæðulausu á eyjunum og skerunum. Þær ásamt öðrum tegundum fugla verpa þarna til þess að koma í veg fyrir að refurinn og minnkurinn raski varpinu.
2. Framkvæmdirnar munu skerða útivistar möguleika mikið. Þær útreiðarleiðir sem eru nú á staðnum eru ómetanlegar og verður sárt að horfa á eftir.
3. Veiði í Þverá hjá Fossnesgljúfri á eftir að verða enginn þar sem hún mun hverfa. Taka má fram að Þverá er hryggningasvæði og með Hagalóni hverfur hryggningarsvæði. Það hefur ekki verið rannsakað af Landsvirkjun.
4. Engar rannsóknir hafa verið gerðar hvort að lónið muni hafa áhrif á lofthita. Ef að það myndi kólna myndi það hafa áhrif á ræktun á landinu og eflaust myndu

tímaplön raskast þar sem frost yrði lengur í jörðu á vorin. Þetta gæti haft alvarleg áhrif á landbúnað í Haga til framtíðar.

5. Sprungusvæði liggur beint undir fyrirhuguðu lóni í Þjórsá, það gæti reynst mjög erfitt að þetta berggrunninn á sprungusvæðinu til að halda vatninu og hver veit um framtíð sprungunnar, þ.e.a.s. hvort hún eigi eftir að gliðna eða ekki. Hversu mikið af efni á eftir að þurfa til þess að fylla uppí þessi sprungusvæði.
6. “Fiskvænar” vélar. Talið er að lítið brot af seiðunum lendi utan seiðafleytunnar og berist þá með straumi inní vélar stöðvarinnar. Sagt er að þessar fiskvænu vélar varni því að þrýstingur og högg valdi fiskunum og seiðunum skaða. Þessar fiskvænu vélar hafa eingöngu verið til notkunar erlendis þar sem vötn, ár og umhverfi er allt öðruvísi heldur en hér. Maður setur stórt spurningarmerki við þessar fiskvænu túrbínur vegna þess að þessi seiði eru aðeins 2,5-3 cm á lengd og manni þykir ólíklegt að þau geti lifað þetta fall af og þennan allan þennan þrýsting.

Að lokum viljum við taka undir athugasemdir sem aðrir setja fram. Sigrún Guðlaugsdóttir landeigandi Haga og Melhaga (móðir Sigurðar) setur fram punkta vegna atvinnu í Haga og áhrif Hagalóns á lífið í Haga. Gjálp – félag um atvinnuuppbyggingu setur fram mikilvæga punkta á vanköntum skýrslunnar og hrekur mikið a frummatsskýrslunni. Við tökum undir öll þau sjónarmið sem sett eru fram og skorum á Skipulagsstofnun að hafna frummatsskýrslu Landsvirkjunar um Hvammsvirkjun og Hagalón.

Sigurður Kristmundsson, kt. 2110933079

Kristín Eva Einarsdóttir, kt. 1005942939